



Garðyrkjakólinn Reykjavík

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2026

POTT2FR06

Pottaplöntuframleiðsla blað og blóm

Kennari:	Guðríður Helgadóttir (gurry@fsu.is)
----------	--

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dags.	Tími	Efni	Verkefni
1	7.1.2026	9:00 – 15:45	Kynning á áfanga og verkefnum. Almenn umhirða stofuplantna.	
2	14.1.2026	9:00 – 15:45	Fittonia – Pachypodium.	
3	21.1.2026	9:00 – 15:45	Aglaonema – Zamioculcas. Aster – blómstrandi pottaplanta.	
4	28.1.2026	9:00 – 15:45	Fatsia – Yucca. Impatiens (blómstrandi pottaplanta) – verkefni 1	
5	4.2.2026	9:00 – 15:45	Heimsókn í Ficus og tímaverkefni 1 (klippa, líma, lita) sem er skilað í lok dags.	Skil á bp verkefni 1 6.2.2026
6	11.2.2026	9:00 – 15:45	Asplenium – Pilosocereus. Begonia (blómstrandi pottaplanta) – verkefni 2	
7	18.2.2026	9:00 – 15:45	Callisia – Humata. Campanula (blómstrandi pottaplanta) – verkefni 3	Skil á bp verkefni 2 20.2.2026
8	25.2.2026	9:00 – 14:10	Aeschynanthus – Peperomia. Rhododendron (blómstrandi pottaplanta) – verkefni 4	Skil á bp verkefni 3 27.2.2026
9	4.3.2026	9:00 – 14:10	Acalypha – Pedilanthus. Euphorbia (blómstrandi pottaplanta) – verkefni 5	Skil á bp verkefni 4 6.3.2026
10	11.3.2026	9:00 – 15:45	Verkleg æfing og tímaverkefni 2 (klippa, líma, lita) sem er skilað í lok dags.	Skil á bp verkefni 5 13.3.2026

11	18.3.2026	9:00 – 15:45	Adiantum – Haworthia. Pelargonium (blómstrandi pottaplanta) – verkefni 5	
12	23.3.2026	9:00 – 15:45	Cyclamen – Hydrangea. Saint-Paulia (blómstrandi pottaplanta)	Skil á framleiðsluritgerð 2.4.2026 Skil á ritgerð um val og umhirðu pottaplantna 2.4.2026
13	8.4.2026	9:00 – 12:00	Upprifjun.	
14	13.4.2026	9:00 – 12:00	Próf	

Námsefni:

Pottaplöntuframleiðsla blað- og blóm – samantekt Guðrúnar Helgu Guðbjörnsdóttur, fæst á skrifstofu skólans og sem pdf skjal í áfanganum á innu.

Ljósrit og annað efni frá kennara.

Skipulag áfanga

Skipulag námskeiðs

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, tíma- og heimaverkefnum, heimsóknnum og verklegum æfingum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verkefni:

Nemendur vinna 5 myndrænar lýsingar á ræktunarferli blómstrandi pottaplantna, nefndar þp verkefni í kennsluáætlun. Samtals gilda þessi verkefni 20% í lokaekunn áfangans.

Framleiðsluritgerð – nemandi velur eina tegund af blómstrandi pottaplöntu (athugið að ekki er heimilt að velja tegund sem fjallað er um í bp verkefnum), skrifar um tegundina og lýsir framleiðslunni, meðal annars á myndrænan hátt. Þessi ritgerð gildir 10% í lokaeinkunn áfangans.

Ritgerð – nemendur skrifa hagnýtar leiðbeiningar til almennings um val og umhirðu pottaplantna fyrir heimili, skrifstofu og í grænan vegg. Allt gildir þessi ritgerð 10% í lokaeinkunn áfangans.

Verklegar æfingar: Í lotuvikum vinna nemendur tímaverkefni um plöntuvernd í pottaplöntuframleiðslu. Verkefnið er unnið á staðnum og skilað í lok tíma. Í seinni lotuviku verður verkleg æfing í umhirðu pottaplantna í pottaplöntusafni skólans. Mætingaskylda er hjá fjarnemum í lotuvikum. Tímaverkefni í lotuvikum gilda 10% í lokaeinkunn (5% hvort verkefni).

Upptökur og streymi: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

Námsmat

Fimm bp verkefni (um blómstrandi pottaplöntur) – samtals vægi í lokaeinkunn 20%

Tvö tímaverkefni (í lotuvikum 2 og 3) – vægi í lokaeinkunn 10%

Framleiðsluritgerð – vægi í lokaeinkunn 10%

Ritgerð um val og umhirðu pottaplantna – vægi í lokaeinkunn 10%

Skriflegt lokapróf – vægi í lokaeinkunn 50%

Lágmarkseinkunn á prófi er 5,0.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSU, Reykjum, 7. janúar 2026

Guðríður Helgadóttir

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
POTT2FR06 - Pottaplöntuframleiðsla – Blað- og blómstrandi pottaplöntur	6	3
Lýsing Fjallað um ræktun algengra tegunda af blað – og blómstrandi pottaplöntum. Tekin eru fyrir eftirfarandi atriði í umfjöllun um hverja tegund: Íslenskt heiti, latneskt heiti, grasafræðileg lýsing, uppruni, afbrigðaval, fjölgun, uppeldi, rótarbeðsefni, vaxtarrými, vökvun, áburðarþörf og valkostir við áburðargjöf, hitakröfur, blómmyndun, blómgun, vaxtarstjórnun, almenn umhirða, skipulag, ræktunaráætlanir og markaðssetning. Farið verður yfir aðferðir við að setja upp myndræna ræktunaráætlun.		
Forkröfur PLEF3FV05 (Plöntulífeðlisfræði), ALYL3FV06 (Almenn ylræktun)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Uppruna helstu tegunda pottaplantna í ræktun á Íslandi. • Vísindaheiti og íslensku heiti tegundarinnar og ættarinnar sem hún tilheyrir. • Vali á tegundum og afbrigðum í ræktun á Íslandi. • Fjölgun og uppeldi helstu tegunda pottaplantna. • Uppbyggingu ræktunarumhverfis og helsta búnaði sem þarf til ræktunarinnar. • Ræktunartækni og skipulagi sem þarf til að ná tilskyldum árangri í ræktuninni. • Markaðssetningu framleiðslunnar. • Gerð ræktunaráætlana (m.a. myndrænna) og eftirfylgni þeirra.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Ráðleggja öðrum um val á tegundum og afbrigðum plantna til framleiðslu í pottum, metið með rökstuðningi og kynningu. • Leggja mat á gæði ræktunarumhverfis og búnaðar við ræktun pottaplantna og koma með tillögur til úrbóta, ef með þarf. Metið með rökstuðningi og kynningum. • Sýna skilning á afleiðingum mismunandi ræktunartæknilegra þátta á afurðir ræktunarinnar, metið með rökstuðningi og samanburði • Meta með hvaða hætti best er að markaðssetja viðkomandi framleiðslu, gera áætlanir um markaðssetningu og fylgja þeim eftir, metið með verklagi og kynningu. • Setja fram ræktunaráætlanir fyrir mismunandi plöntuhópa til framleiðslu í pottum og fylgja þeim eftir með viðeigandi ræktunartæknilegum þáttum, með hagkvæmni og gæði framleiðslunnar að leiðarljósi, metið með verklagi, útsjónarsemi og rökstuðningi.	
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Greina helstu tegundir pottaplantna í framleiðslu á Íslandi. • Velja heppilegar tegundir og afbrigði til framleiðslu. • Skipuleggja ræktunarumhverfi og helsta búnað sem þarf til ræktunarinnar. • Beita viðeigandi ræktunartækni við fjölgun og framleiðslu pottaplantna til sölu.		

• Gera áætlun um markaðssetningu framleiðslunnar. • Setja upp ræktunaráætlanir og fylgja þeim eftir.	
Námsmat Verkefni nemenda, vettvangsheimsóknir, skriflegt próf.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)	
Tenging við grunnþætti Læsi – nemendur læra að meta hvaða aðferðir og tækni henta best hverju sinni og verða því læsir á faglega nálgun í faginu. Heilbrigði og velferð – mikilvægt er að plöntuefniviður sé heilbrigður og haldist það út ræktunartímann.	
Dags.: 30.9.2013 Höfundar: Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir, Guðríður Helgadóttir	